



Minnisblað - Niðurstöður mats á skólahaldi og velferð barna í Grindavík, v5

Dagsetning: 19.9.2026

Til: Vinnuhóps um skólahald

Frá: Sigurði Rúnari Karlssyni og Dóru Hjálmarsdóttur

Efni: Niðurstaða um mat á skólahaldi og velferð barna í Grindavík m.t.t. vægis mótvægisáðgerða, unnin með sömu aðferð og lögð var fram fyrir öryggishóp

Inngangur

Þetta minnisblað er niðurstaða vinnuhóps¹ um áhættumiðaða ákvarðanatöku um skólahald og velferð barna. Það byggir á sömu aðferð og lögð var fram fyrir öryggishóp: hver vísir er metinn út frá stöðu þeirra mótvægisáðgerða sem undir hann falla, áðgerðum er skipt í forsendur og styrkingar, staða hverrar áðgerðar metin og hverri áðgerð gefið vægi svo vísirinn telji 100 prósent. Vísunum er síðan gefið vægi og heildarniðurstaða metin. Við val á áðgerðum vísa er beitt sérfræði- og skynsemismati vinnuhópsins. Vinnuhópin skipar hópur hagaðila og sérfræðinga. Sjá nánar í minnisblaði um öryggi.

Þessi útgáfa er unnin í kjölfar lokafunda vinnuhópanna 9. september, þar sem farið var yfir tillögur matshópa um sameiningu vísa, áðgerðir og stöðu þeirra, gerðar breytingar og gengið frá mati. Öryggisvísarnir eru forsendur þessa mats en ekki metnir hér. Fimm vísar standa eftir og eru sértækir fyrir skólastarf og þjónustu við börn. Þátttakendur vinnuhópa lásu yfir uppfærðar niðurstöður.

Niðurstaða vinnuhóps um öryggi í Grindavík er forsenda þessa mats og setur efri mörk á lit hans: mælist Öryggi í Grindavík **gult** getur skólahaldið ekki orðið **grænt**, og sama gildir um **rautt**.

Öryggisvísar sem eru forsendur verkefnisins

Öryggisvísar eru mældir hjá vinnuhópi um öryggi í Grindavík og niðurstaða þess hóps setur efri mörk á lit hér. Mælist Öryggi í Grindavík **gult** getur skólahaldið ekki orðið **grænt**, sama hversu vel það stendur að öðru leyti. Sama gildir um **rautt**.

Rökin eru þau að öryggi er grunnlagið sem skólahaldið byggir á. Öruggrýming barna er tekin fyrir í öryggisvísunum, og ef viðvaranir berast ekki eða viðbragð er ekki til staðar er skólahald ekki ásættanlegt þótt hópurninn hafi lokið sínum eigin verkefnum.

¹. Í minnisblöðum um niðurstöður mats er talað um hópa þegar átt er við vinnuhópa sem sinntu ákveðnum málaflokki. Hugtakið málaflokkur er notað í greinargerð með minnisblöðunum. Þátttakendur í vinnuhópum koma fram í viðauka 1 við greinargerðina.

Aðferðin í hnotskurn

Sviðsmyndir A og B

Staða vísis í sviðsmynd A, núverandi óvissuástand, er forsenda fyrir stöðu hans í sviðsmynd B, atburður sem veldur rýmingu, enda er A uppbygging getunnar, metin út frá virkni aðgerða, og B mælir hvort hún dugði. Forsenda getur einnig verið staða annars vísis þar sem einn vísir hvílir efnislega á öðrum. Virkni sumra vísa má einnig kanna með mælingum.

Sviðsmynd B felur ekki í sér sjálfstæðar aðgerðir. Það sem gerist í rýmingu og við endurkomu er framkvæmd þess undirbúnings sem liggur í sviðsmynd A. Sviðsmynd B er því ekki metin út frá virkni aðgerða heldur mæld, og mælingin sýnir hvort undirbúningurinn skilaði árangri þegar á reyndi. Sviðsmynd B er ekki sýnd í töflum heldur lýst í texta við hvern vísi, þar sem fram kemur hvað er mælt og hvaða mörk gilda. Við endurkomu að lokinni rýmingu öðlast sviðsmynd A aftur gildi og staðan er endurmetin.

Aðgerðir

Hver aðgerð fær stig eftir stöðu sinni á fimm þrepa kvarða: **1** ef hún er í fullri virkni, **0,75** ef hún er í virkni en þarf eftirfylgni, **0,5** ef hún er í vinnslu með ábyrgðaraðila og tímaáætlun, **0,25** ef hún er hafin en skammt á veg komin, og **0** ef hún er ekki hafin eða staða hennar er óljós. Stig hverrar aðgerðar eru staða hennar margfölduð með vægi hennar, og niðurstaða vísisins er summa þeirra stiga. Upplýsingar um hvaða þættir falla undir þrepaskiptingu hverrar aðgerðar koma fram í aðgerðaáætlun. Hverri aðgerð er gefið einkvæmt raðnúmer.

Forsendur eru þær aðgerðir sem verða að vera til staðar og í virkni. Séu þær ekki uppfylltar getur vísirinn ekki talist ásættanlegur, hversu vel sem aðrar aðgerðir standa. Reglan er þrepaskipt: forsenda í fullri virkni eða í eftirfylgni leyfir **grænt (1-0,75)**, enda sé eftirfylgni tímasett, forsenda í vinnslu setur þak á **gult (0,5)**, og forsenda sem er ekki hafin eða skammt á veg komin fellir vísinn í **rautt (0 og 0,25)**.

Komi fram vitneskja um yfirvofandi atburð sem líkur eru á að felli forsendu á **gult** eða **rautt** skal þegar í stað brugðist við með mótvægisáðgerðum og komið í veg fyrir að forsendan falli. Sé forsenda fallin eða falli með skömmum fyrirvara gilda eftirfarandi frestir að hámarki.

Sé forsenda á gulu telst staðan tímabundið ásættanleg. Gefinn er 48 klukkustunda frestur til að beita ásættanlegum tímabundnum mótvægisáðgerðum eða koma forsendunni í eðlilega virkni. Að öðrum kosti fellur forsendan niður á **rautt** og vísirinn með.

Sé forsenda á rauðu telst staðan óásættanleg með öllu og þarfnast tafarlausrá mótægisaðgerða. Bregðast þarf strax við þegar þessi staða kemur í ljós og gefinn er allt að 12 klukkustunda frestur til að beita ásættanlegum tímabundnum mótvægisáðgerðum, það er koma forsendunni yfir á **gult**, eða koma henni í eðlilega virkni.

Rauð forsenda fellir sinn vísi í rautt, og einn rauður vísir gerir heildarniðurstöðu hópsins (málaflokksins) rauða. Heildarmat má ekki standa á **rauðu** lengur en 12 klukkustundir án þess að það hafi verið brugðist við.

Forsenduaðgerðir forsenduvísis öryggishóps, ÖR0, eru merktar með **ljósbláum bakgrunni** á heiti þar sem þær koma fyrir hér, enda falla þær í öryggishópi og setja þak á lit hans, sem berst hingað.

Styrkingar

Styrkingar bæta stöðuna og ráða því hvar vísirinn lendir milli **græns** og **guls** þegar forsendur standast, en þær geta ekki bætt upp fyrir forsendu sem vantar. Ekkert þak er á tímamörkum fyrir mótvægisáðgerðir eða til að koma styrkingum í virkni, hvort sem þær eru á **gulu** eða **rauðu**, allt eftir því hvaða aðgerð er um að ræða, en sett eru tímamörk í aðgerðaáætlun.

Regla um innbyrðis vægi

Engin styrking á að vega þyngra en léttasta forsendan. Mælist styrking mikilvægari en forsenda er annaðhvort flokkunin röng eða vægið, og þá á að laga flokkunina fremur en töluna.

Sameiginlegir vísar

Hver vísir er aðeins metinn í einum vinnuhópi (málaflokki). Þurfi sama efni að vera mælt í fleiri en einum hópi fær vísirinn nýtt heiti, sbr. SK3 um öryggi skólahúsnæðis og lóða hér og HU1 um öruggt húsnæði og lóðir íbúa og stofnana hjá húsnæði og búsetu. Þeir vísar mæla í grunninn sama efni, öryggi húsnæðis og lóða, en var skipt upp svo öryggi barna í skóla- og frístundastarfi væri í forgrunni.

Aðgerðir mega hins vegar bera vísa í fleiri en einum hópi. Þar er það vísirinn sem er bundinn hópnum, ekki aðgerðin. Vægi aðgerðar innan vísis ræðst af mikilvægi hennar þar, og sama aðgerð getur því borið ólíkt vægi í ólíkum vísum. Staða aðgerðar er hins vegar eiginleiki hennar sjálfrar og þarf að vera hin sama hvar sem hún kemur fyrir.

Vægi vísa

Vægi vísa er flokkað í 5 prósentu þrepum þar sem því verður við komið; fjöldi vísa getur haft áhrif á þrepaskiptinguna. Beitt er skynsemismati hópsins. Vægið er þannig valið að 100 prósentum er skipt milli vísanna eftir mikilvægi þeirra innan hópsins, og ræðst vægi meðal annars af umfangi hvers vísis og fjölda aðgerða undir honum.

Vensl milli vísa

Vísir getur verið forsenda annars vísis. Þá birtist hann sem forsendulína í töflu háða vísisins, með lit en án vægis og stiga. Háði vísirinn getur ekki orðið **grænn** nema sá vísir sem er forsenda hans sé **grænn**, með sama hætti og forsenda í vinnslu setur þak á vísi.



Ör sýnir að vísir er forsenda annars. Fjólublár vísir sækir venslun í aðra vísa og getur ekki orðið grænn nema þeir séu grænir.

Hverjum vísi er gefið einkvæmt raðnúmer og einkennisstafi hópsins (málaflokksins). Í töflum raðast vísar í númeraröð, eins og vísakaflarnir sjálfir. Forsendulínur sem setja þak á lit hópsins standa þó ávallt efst.

Vensl milli aðgerða

Ekki var farið í að greina vensl milli aðgerða, en ljóst er að nokkrar aðgerðir eru venslaðar í raun. Til dæmis er móttaka boða tengd því að boð séu send út.

Litapak á heildarniðurstöðu

Séu tveir eða fleiri vísar gulir verður niðurstaða hópsins gul (tímabundið ásættanleg). Sé einn vísir rauður verður hún rauð (óásættanleg). Hlutfallið heldur áfram að reiknast og er birt óbreytt; reglan setur þak á litinn en breytir ekki reikningslegri niðurstöðu.

Viðbrögðum við þessari stöðu er lýst í kaflanum um aðgerðir hér að framan, þar sem fram kemur að gult ástand forsendu er einungis umborið tímabundið.

Rökin eru þau að tölfræðilegt vægi getur lyft bæði einstökum vísi og heildarniðurstöðu upp fyrir það sem staðan stendur undir. Að stilla upp reiknireglum sem leiðrétta það er flókið og illa rekjanlegt. Litapak er einfaldara, sjónrænt og auðvelt að rýna.

Heildarniðurstaða skólahalds

Markmið

Lagt er mat á öryggi barna og ungmenna í leik- og grunnskóla og í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi við langvarandi óvissu, endurteknar rýmingar og endurkomu. Í forgrunni er að börn séu örugg, að þau komist úr hættu þótt þau geti það ekki sjálf, og að nám, þjónusta og daglegar venjur rofni sem minnst. Ýmsa þætti virkra aðgerða er unnt að mæla til að sannreyna virkni ferla við langvarandi óvissu, en ákvörðun um mælingar er vísað inn í framhaldsverkefnið um heildstætt áhættumat. Gert er ráð fyrir mælingum eftir næsta atburð (sviðsmynd B) til að sannreyna hvort samfella í starfi eftir rýmingu standist innan ásættanlegra tímamarka.

Matið nær yfir tvennt: að húsnæði, lóðir og umhverfi skólastarfs, sem og æskulýðs- og íþróttastarfs, séu örugg, og að skólahald, íþrótta- og æskulýðsstarf, heilbrigðis- og farsældarþjónusta og barnavernd haldist samfelld.

Rýmingargeta skólastofnana og íþrótta- og æskulýðsstarfsemi er mæld hjá vinnuhópi um öryggi í Grindavík og er forsenda þessa mats, enda er rýming skóla og frístundastarfs hluti af öruggrí rýmingu. Öryggi barna á öðrum tímum, þegar þau eru í umsjá foreldra, fellur undir almennt öryggi í Grindavík.

Niðurstaða

Sviðsmynd A · 90,66% · grænt Sviðsmynd B · mæling

Vísir	Vægi	A: stig
Öryggi í Grindavík (v7, 19.9.2026)	-	grænt
SK1 · Samfella í skólastarfi	22,5%	19,12
SK2 · Mönnun og staðbundin geta	20%	19
SK3 · Öryggi skólahúsnæðis og lóða	20%	20
SK4 · Barnavernd og samfella í heilbrigðis- og farsældarþjónustu	22,5%	18,84
SK5 · Samfella í íþrótta- og æskulýðsstarfi	15%	13,69
Samtals	100%	90,66 af 100
Niðurstaða		90,66% grænt

Sviðsmynd B er mæling hjá öllum vísum og er því ekki reiknuð til stiga. Öryggi í Grindavík birtist sem forsendulína með lit en án vægis og stiga, enda er hún ekki aðgerð heldur staða annars mats, og útgáfunúmer og dagsetning þess mats fylgja línunni.

Litamörk

Einstakir vísar fylgja þriggja flokka kvarða: grænt 75 prósent og yfir , gult 50 og allt að 75 prósentum , rautt undir 50 prósentum .

Fyrir heildarniðurstöðu hópsins eru notuð þrengri mörk: grænt 85 prósent og yfir , gult 75 og allt að 85 prósentum , rautt undir 75 prósentum .

Staða og næstu áherslur

Niðurstaðan er græn . Hlutfallið er 90,66 prósent og enginn vísir er gulur. Öryggi í Grindavík mælist grænt og setur ekkert þak á lit hópsins. Samfella og öryggi skólahalds og velferð barna í Grindavík eru því talin ásættanleg.

Enginn vísir ber forsendu í vinnslu. Fimm forsendur eru þó í virkni en þarfnast eftirfylgni: áætlun um skólahald við rýmingu, samningur um barnavernd sem bíður staðfestingar menntamálaráðuneytis, farsældarþjónusta í samvinnu við tengilið skólans, áætlun um skimun fyrir þörfum barna, og áætlun um frístundastarf í félagsmiðstöðinni Þrumunni.

Lægsti vísirinn er SK4 um barnavernd og samfelli í heilbrigðis- og farsældarþjónustu í 83,75 prósentum. Hann ber þrjár af fimm eftirfylgniforsendum hópsins.

Það sem eftir stendur eru styrkingar sem eru í vinnslu: barnvæn upplýsingagjöf, áætlun um foreldrafund í leikskóla, og áætlun um valdeflingu og umræður um stöðuna á grunnskólastigi.

Meginmynstrið er skýrt. Skólahald, mönnun og húsnæði standa vel, og frístundastarfið hefur komist á réttan kjöl. Það sem eftir er snýr að eftirfylgni með samningum og áætlunum sem þegar eru í virkni.

Staða vísanna

Vísir	Vægi	Sviðsmynd A	Fellur á	Eftirfylgni forsenduaðgerða
Öryggi í Grindavík (v7, 19.9.2026)	-	grænt	Forsenda, setur efri mörk á lit	
SK1 · Samfella í skólastarfi	22,5%	85%		106 · Áætlun um skólahald við rýmingu, innan og umfram fimm daga
SK2 · Mönnun og staðbundin geta	20%	95%		127 · Barnavernd, samningur við Reykjanesbæ
SK3 · Öryggi skólahúsnæðis og lóða	20%	100%		
SK4 · Barnavernd og samfella í heilbrigðis- og farsældarþjónustu	22,5%	83,75%		110 · Farsældarþjónusta samfelld í samvinnu við tengilið skólans, í óvissu og rýmingu 127 · Barnavernd, samningur við Reykjanesbæ 131 · Áætlun um skimun fyrir þörfum barna í öllum árgöngum í upphafi skólaárs
SK5 · Samfella í íþrótt- og æskulýðsstarfi	15%	91,25%		132 · Áætlun um frístundastarf barna og ungmenna utan skólatíma, Þruman
Samtals	100%			

Fellur á sýnir þær forsendur sem eru í vinnslu eða ekki hafnar og halda vísinum niðri. Dálkurinn stendur auður þar sem allar forsendur standast og á aðeins við um sviðsmynd A. Eftirfylgni forsenduaðgerða sýnir þær forsendur sem eru í virkni en bera 0,75 og þarfnast eftirfylgni; þær fella ekki vísinn en þurfa að haldast í sjónmáli.

Vísarnir

SK1 · Samfella í skólastarfi · Vægi vísis 22,5%

Samfellt skólahald og stuðningur við börn og starfsfólk

Skólahald þarf að haldast samfellt í daglegum rekstri, og fyrir liggja áætlanir um hvernig það heldur áfram komi til rýmingar. Börn og foreldrar þurfa að vita hvað tekur við, og starfsfólk þarf stuðning til að halda starfinu gangandi við langvarandi óvissu.

Sviðsmynd A · óvissustig · 60/40 · **85% grænt** . Mat er byggt á virkni aðgerða. Auk virkni aðgerða getur mat á virkni vísisins byggt á mælingum eða könnunum. Mælt er hvort skólastarf haldist samfellt í daglegum rekstri eða hvort fyrirséð sé að rof geti orðið á skólastarfi af öðrum orsökum en vegna rýminga, svo sem vegna veðurs. Mælikvarðinn er **grænt: rof á skólastarfi skemur en fimm dagar** , **gult: fimm til og með tíu dögum** , **rautt: lengur en tíu dagar** .

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
	SK2 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
	SK3 í sviðsmynd A	Forsenda	-	grænt	-
104	Starfsáætlun leik- og grunnskóla útbúin	Forsenda	20%	1	20
105	Samningur um skólaþjónustu við Reykjanesbæ	Forsenda	20%	1	20
106	Áætlun um skólahald við rýmingu, innan og umfram fimm daga	Forsenda	20%	0,75	15
Forsendur samtals			60%		55
108	Áætlanir um samfellt skólahald kynntar foreldrum og börnum	Styrking	5%	0,75	3,75
114	Áætlun um stuðning við starfsfólk grunnskóla, sálfélagsleg þjónusta	Styrking	5%	1	5
116	Áætlun um stuðning við leiðbeinendur leikskóla frá grunnskóla	Styrking	5%	0,75	3,75
117	Áætlun um upplýsingagjöf til foreldra leik- og grunnskólabarna	Styrking	5%	1	5
129	Barnvæn upplýsingagjöf, kynning fyrir leik- og grunnskóla	Styrking	5%	0,5	2,5
148	Áætlun um foreldrafund í leikskóla um líðan barna	Styrking	5%	0,5	2,5
149	Skólanámskrá leik- og grunnskóla	Styrking	5%	0,75	3,75
115	Áætlun um fræðslu fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla um ýmis efni	Styrking	2,5%	1	2,5
130	Áætlun um valdeflingu og umræður um stöðuna á grunnskólastigi	Styrking	2,5%	0,5	1,25
Styrkingar samtals			40%		30
Niðurstaða			100%		85

Grænn: allar forsendur standast. Áætlun um skólahald við rýmingu er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Mönnunaraðgerðir liggja í SK2 svo sami grunnur mælist ekki í tveimur vísum.

Sviðsmynd B · mæling. Mælt er eftir atburð hvort skólahald geti hafist að nýju innan ásættanlegs tíma og þjónusta sé veitt, samkvæmt sama kvarða og í sviðsmynd A. Við endurkomu að lokinni rýmingu skráist endurmat sviðsmyndar A.

SK2 · Mönnun og staðbundin geta · Vægi vísis 20%

Mönnun skóla og samningar um þjónustu

Skólahald krefst hæfs starfsfólks og samninga um þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir ekki sjálft. Mönnun þarf að vera nægileg til að standa undir starfinu við langvarandi óvissu, og meðvituð yfirmönnun gefur svigrúm þegar á reynir.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **95% grænt** . Mat er byggt á virkni aðgerða.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
105	Samningur um skólaþjónustu við Reykjanesbæ	Forsenda	20%	1	20
127	Barnavernd, samningur við Reykjanesbæ	Forsenda	20%	0,75	15
121	Hæft starfsfólk með reynslu af starfi með börnum í grunnskóla	Forsenda	15%	1	15
137	Hæft starfsfólk með reynslu af starfi með börnum í leikskóla	Forsenda	15%	1	15
Forsendur samtals			70%		65
120	Meðvituð yfirmönnun í grunnskóla	Styrking	15%	1	15
136	Meðvituð yfirmönnun í leikskóla	Styrking	15%	1	15
Styrkingar samtals			30%		30
Niðurstaða			100%		95

Grænn: allar forsendur standast. Samningur um barnavernd liggur fyrir en bíður staðfestingar menntamálaráðuneytis, og á meðan eru aðgerðir í gangi í Grindavík sem tryggja samfellu í barnavernd. Hæft starfsfólk með reynslu er til staðar bæði í leikskóla og grunnskóla, og meðvituð yfirmönnun er viðhöfð á báðum stigum.

Sviðsmynd B · mæling. Mælt er eftir atburð hvort þjónusta sé samfelld og hvort rof hafi orðið á henni. Mælikvarðiinn er sá tími sem rof getur orðið á þjónustu: **grænt skemur en fimm dagar** , **gult fimm til og með tíu dögum** , **rautt lengur en tíu dagar** . Við endurkomu að lokinni rýmingu skráist endurmat sviðsmyndar A.

SK3 · Öryggi skólahúsnæðis og lóða · Vægi vísis 20%

Úttektir, starfsleyfi og vöktun mannvirkja

Húsnæði og lóðir skóla, leikskóla og íþrótta- og frístundastarfs þurfa að vera örugg og úttekin, og hættuleg mannvirki kortlögð. Úttekt húsnæðis, úttekt lóða og starfsleyfi eru þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo starfsemi sé leyfileg.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **100% grænt** . Mælt er hvort húsnæði og lóðir séu úttekin og hættuleg mannvirki kortlögð. **Grænt:** úttekt lokið án athugasemda . **Gult:** úttekt lokið með athugasemdum sem eru í vinnslu í tímasettri aðgerðaáætlun með ábyrgðaraðila . **Rautt:** úttekt lokið með alvarlegum athugasemdum og starfsemi ekki leyfð, tímasett aðgerðaáætlun með ábyrgðaraðila .

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
5	Jarðkönnun innan þéttbýlis, götur og íbúðasvæði	Forsenda	20%	1	20
101	Lóðir leik- og grunnskóla útteknar	Forsenda	12,5%	1	12,5
102	Húsnæði leik- og grunnskóla úttekið	Forsenda	12,5%	1	12,5
103	Húsnæði leik- og grunnskóla með starfsleyfi	Forsenda	12,5%	1	12,5
150	Vöktun öryggis húsnæðis og lóða íþrótta- og frístundastarfs, viðhaldskerfi Grindavíkur DMM	Forsenda	12,5%	1	12,5
Forsendur samtals			70%		70
145	Virk viðbrögð við bilunum í veitu- og viðvörunarkerfum skóla- og frístundamannvirkja, viðhaldskerfi Grindavíkur DMM	Styrking	10%	1	10
146	Vöktun skólahúsnæðis, viðhaldskerfi Grindavíkur DMM	Styrking	10%	1	10
147	Vöktun skólalóða, viðhaldskerfi Grindavíkur DMM	Styrking	10%	1	10
Styrkingar samtals			30%		30
Niðurstaða			100%		100

Grænn: allar aðgerðir eru í fullri virkni. Jarðkönnun er forsenda, enda ræðst öryggi lóða og húsnæðis af því hvað liggur undir.

Sviðsmynd B · mæling. Mælt er eftir atburð hvort húsnæði og lóðir séu úttekin að nýju áður en starfsemi hefst. Mælingin fylgir sama kvarða og í sviðsmynd A. Við endurkomu að lokinni rýmingu skráist endurmat sviðsmyndar A.

SK4 · Barnavernd og samfella í heilbrigðis- og farsældarþjónustu ·

Vægi vísis 22,5%

Barnavernd, farsæld og heilsuvernd skólabarna

Börn þurfa að hafa aðgang að barnavernd, farsældarþjónustu og heilsuvernd án rofs, hvort sem er í daglegu starfi eða komi til rýmingar. Nám og þátttaka barna í daglegu starfi eru mæld í SK1 og SK5.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **83,75% grænt** · Mat er byggt á virkni aðgerða. Auk virkni aðgerða getur mat á virkni vísisins byggt á mælingum eða könnunum.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
110	Farsældarþjónusta samfelld í samvinnu við tengilið skólans, í óvissu og rýmingu	Forsenda	20%	0,75	15
127	Barnavernd, samningur við Reykjanesbæ	Forsenda	20%	0,75	15
109	Skólahjúkrun tryggð, HSS skólahjúkrunarfræðingur	Forsenda	15%	1	15
131	Áætlun um skimun fyrir þörfum barna í öllum árgöngum í upphafi skólaárs	Forsenda	15%	0,75	11,25
Forsendur samtals			70%		56,25
34	Upplýsingar um viðkvæm heimili fyrir hendi	Styrking	10%	1	10
112	Málastjóri og tengiliður farsældar tilnefndir og til staðar	Styrking	10%	1	10
113	Ávísun á farsæld, styrking fyrsta stigs þjónustu	Styrking	10%	0,75	7,5
Styrkingar samtals			30%		27,5
Niðurstaða			100%		83,75

Grænn: allar forsendur standast. Áætlun um skimun fyrir þörfum allra árganga er í virkni en þarfnast eftirfylgni. Skimun í 1., 4., 7. og 9. bekk er lögbundin og fer fram, og skimun fyrir þörfum barna vegna áfalla er hluti af farsældarþjónustunni. Farsældarþjónusta í samvinnu við tengilið skólans er sömuleiðis í virkni en þarfnast eftirfylgni. Samningur um barnavernd liggur fyrir en bíður staðfestingar menntamálaráðuneytis, og á meðan eru aðgerðir í gangi í Grindavík sem tryggja samfellu í barnavernd. Aðgerð 34 er sótt í öryggishóp, enda eru viðkvæm heimili þar skráð og sömu upplýsingar nýtast hér.

Sviðsmynd B · mæling. Mælt er hvort og hvaða töf verður á þjónustunni við rýmingu og endurkomu, samkvæmt gátlista. Ef mæla á þjónustu þarf að flokka hina mismunandi þætti þjónustu nánar, þar sem ekki er sami mælikvarði fyrir alla þjónustu. Mælingarverkefninu er vísað til framhaldsverkefnis heildstæðs áhættumats. Við endurkomu að lokinni rýmingu skráist endurmat sviðsmyndar A.

SK5 · Samfella í íþrótt- og æskulýðsstarfi · Vægi vísis 15%

Skipulagt starf utan skóla á vegum Grindavíkurbæjar

Börn og ungmenni geta tekið þátt í og haldið áfram íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi með takmarkaðri röskun, og fjölskyldur geta treyst á skýrt fyrirkomulag ef slíkt starf raskast. Skipulagt starf, á vegum Grindavíkurbæjar, utan skóla er hluti af daglegu lífi barna og styður félagsleg tengsl þeirra.

Sviðsmynd A · óvissustig · 70/30 · **91,25% grænt**. Mat er byggt á virkni aðgerða. Auk virkni aðgerða getur mat á virkni vísisins byggt á mælingum eða könnunum.

Nr	Aðgerð	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
132	Áætlun um frístundastarf barna og ungmenna utan skólatíma, þruman	Forsenda	35%	0,75	26,25
134	Áætlun um skipulagt frístundastarf komi til rýmingar (gátlisti)	Forsenda	35%	1	35
Forsendur samtals			70%		61,25
133	Samningur við UMFG um barna- og ungmennastarf	Styrking	15%	1	15
135	Áætlun um kynningu á samfelldu starfi íþrótt- og æskulýðsstarfi	Styrking	15%	1	15
Styrkingar samtals			30%		30
Niðurstaða			100%		91,25

Grænn: allar forsendur standast. Áætlun um skipulagt frístundastarf komi til rýmingar liggur fyrir og samningur við UMFG er í fullri virkni. Áætlun um frístundastarf barna og ungmenna utan skólatíma í þrumunni er í virkni en þarfnast eftirfylgni.

Sviðsmynd B · mæling. Mælt er eftir atburð hvort íþrótt- og æskulýðsstarf geti hafist að nýju innan ásættanlegs tíma. Mælikvarðinn er sá tími sem rof getur orðið á starfinu: **grænt skemur en fimm dagar**, **gult fimm til og með tíu dögum**, **rautt lengur en tíu dagar**. Við endurkomu að lokinni rýmingu skráist endurmat sviðsmyndar A.

19.9.2026

Sigurður Rúnar Karlsson, eigna- og veitustjóri, Grindavíkurbær

Dóra Hjálmarsdóttir, Verkís